



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 280

Hestamannafélagið Fákur

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 280

Hestamannafélagið Fákur

Formáli

Hestamannafélagið Fákur var stofnað 24. apríl 1922 af nokkrum áhugasömum hestamönnum í Reykjavík en sami hópur hafði hist 29. mars til að ræða stofnunina. Hestamannafélagið Fákur var fyrsta hestamannafélagið á Íslandi og þar af leiðandi það elsta.

Fyrsti formaður félagsins var Daníel Daníelsson. Markmið félagsins var „að efla áhuga og þekkingu á ágæti hesta og hestaþróttum og stuðla að rjettri meðferð þeirra“ eins og segir í fyrstu lögum félagsins. Enn fremur hugði félagið að byggingu skeiðvallar þar sem hægt væri að efna til kappreiða á hverju ári.

Fyrsti skeiðvöllur Hestamannafélagsins Fáks var síðan gerður inn við Elliðaár og fyrstu kappreiðarnar fóru fram í júlí 1922 og var hann notaður allt til ársins 1971 þegar nýr völlur í Víðidal var tekinn í notkun á félagssvæði Fáks. Í Víðidal eru nú rekin á vegum Hestamannafélagsins Fáks hesthús, félagsheimili, skeiðvöllur og reiðhöll.

Heimildir:

Einar E. Sæmundsen: „Fákur tvítugur.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 11:XVII (1942), bls. 137-139.

Fákur fimmtugur 1922 – 24. apríl – 1972. [Reykjavík 1972].

Heimasíða Hestamannafélagsins Fáks www.fakur.is

Skjöl afhent 18. mars 2004 af Kristjáni H. Guðmundssyni úr fulltrúaráði Hestamannafélagsins Fáks. Í þessari afhendingu eru einungis fundagerðarbækur félagsins auk, bókhaldsbóka og gestabókar.

Skjalaskrá

Askja 1

Fundagerðarbók Hestamannafélagsins Fáks 29. mars 1922 til 27. maí 1927. (Í einni fundagerðarbók eru skráðar fundagerðir aðalfunda og félagsfunda.)
Fundagerðarbók Hestamannafélagsins Fáks 13. júní 1927 til 29. maí 1934. (Í einni fundagerðarbók eru skráðar fundagerðir aðalfunda og félagsfunda.)
Fundagerðarbók Hestamannafélagsins Fáks 30. ágúst 1934 til 16. apríl 1946. (Í einni fundagerðarbók eru skráðar fundagerðir aðalfunda og félagsfunda.)
Fundagerðarbók Hestamannafélagsins Fáks 16. maí 1946 til 29. janúar 1957. (Í einni fundagerðarbók eru skráðar fundagerðir aðalfunda og félagsfunda.)

Askja 2

Fundagerðarbók Hestamannafélagsins Fáks 9. júní 1969 til 30. mars 1978. (Í einni fundagerðarbók eru skráðar fundagerðir aðalfunda og félagsfunda.)
Fundagerðarbók Hestamannafélagsins Fáks 29. mars 1979 til 18. febrúar 1987. (Í einni fundagerðarbók eru skráðar fundagerðir aðalfunda og félagsfunda.)

Askja 3

Fundagerðarbók stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 4. apríl 1934 til 7. maí 1949.
Fundagerðarbók stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 12. maí 1949 til 20. janúar 1954.
Fundagerðarbók stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 15. febrúar 1954 til 27. mars 1962.
Fundagerðarbók stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 3. apríl 1962 til 8. mars 1965.

Aftast í fundagerðarbók stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 4. apríl 1934 til 7. maí 1949 voru eftirfarandi laus skjöl:

Fundagerð félagsfundar Hestamannafélagsins Fáks 29. júní 1949.
Fundagerð stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 12. maí 1949.
Fundagerð stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 17. maí 1949.
Fundagerð aðalfundar 9. maí og framhaldsfundar 18. maí 1949.
Tillögur á aðalfundum, án árs.
Inntökubeiðnir í Hestamannafélagið Fák, án árs.
Auglýsingar um kappreiðar, án árs.

Askja 4

Fundagerðarbók stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 1. apríl 1965 til 21. september 1967.
Fundagerðarbók stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 4. október 1967 til 8. maí 1973.
Fundagerðarbók stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 22. maí 1973 til 13. apríl 1978.
Fundagerðarbók stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 26. apríl 1978 til 10. mars 1981.

Fremst í fundagerðarbók stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 1. apríl 1965 til 21. september 1967 voru eftirfarandi laus skjöl:

Rekstrar- og efnahagsreikningur Hestamannafélagsins Fáks 1964-1965.
Afmæliskort, án árs.

Askja 5

Fundagerðarbók stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 1. apríl 1981 til 13. ágúst 1985.
Fundagerðarbók stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 9. september 1985 til 16. febrúar 1988.

Inni í fundagerðarbók stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 1. apríl 1981 til 13. ágúst 1985 voru eftirfarandi laus skjöl:
Tillögur Katrínar Stellu Briem um nöfn á félagsheimili og félagssvæði Hestamannafélagsins Fáks dags. 22. nóvember 1984.

Askja 6

Fundagerðarbók Þingvallanefndar Hestamannafélagsins Fáks 6. september 1928 til 21. nóvember 1929.
Fundagerðarbók skeiðvallanefndar Hestamannafélagsins Fáks 17. júlí 1922 til 4. maí 1928.
Fundagerðarbók skeiðvallanefndar Hestamannafélagsins Fáks, líklega byrjun maí 1928 til 11. mars 1934.
Fundagerðarbók skeiðvallanefndar Hestamannafélagsins Fáks 8. maí 1959 ásamt nafnalistum yfir vinnu á skeiðvælinum 11.-18. maí 1959.
Fundagerðarbók hesthúsrekstrarnefnd Hestamannafélagsins Fáks 26. apríl 1971 til 1. júní 1983.

Askja 7

Gestabók Hestamannafélagsins Fáks 1968-1985.
Fundagerðabók Hestamannafélagsins Fáks 20.2.1957-13.5.1969. Aðal- og félagsfundir.

Askja 8

Sjóðdagbók Hestamannafélagsins Fáks 1955-1960.
Bókhaldsbók fyrir kappreiðar Hestamannafélagsins Fáks 1954.
Bókhaldsbók fyrir kappreiðar Hestamannafélagsins Fáks 1947-1952.

Askja 9

Sjóðbók Hestamannafélagsins Fáks 1955-1960.
Sjóðbók Hestamannafélagsins Fáks 1961-1963.
Viðskiptamannabók Hestamannafélagsins Fáks 1956-1958.

Fáksblaðið 2013, 33. árg. 1. tbl.
Ársskýrsla Hestamannafélagsins Fáks 5. mars 2014.

Skráð: feb. 2007.
Njörður Sigurðsson / Guðjón Indriðason,